

13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 172,00 kr. fyrir að settur sé straumur á að nýju.

14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. grein er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

15. gr.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 45 1 20. desember 1977, til að taka gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 118 15. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 15. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli 6 622,00 kr/kW/a. Notandi greiði að auki stofn- kostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjar- stjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunnar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins. Lýsingin stjórnast að jafnaði af ljós- nema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Henni er heimilt að láta loga á öðrum tímum vegna viðgerða, viðhalds og eftirlits á kerfinu.
2. 1,30 kr/kWh. Séu lampar ófasviksjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.

B. Heimilisnotkun.

1. 1,30 kr/kWh, til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar.

1. 1,30 kr/kWh, til véla.
2. 0,31 kr/kWh, og 1 549,00 kr/kW/a, til véla og fyrir iðnaðarhita, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafnotkun 30 kW.
3. 1,96 kr/kWh, til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.
4. 1,30 kr/kWh, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum, á kæliklefa og kæliborð í matvöruverslun og til súgþurrkunar á heyi.

D. Hitun.

1. 0,59 kr/kWh, til húshitunar.
2. 0,82 kr/kWh, til iðnaðar og landtengingar við skip.
3. 0,26 kr/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. 0,44 kr/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. 0,16 kr/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. 0,22 kr/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn frá kl. 08.00—24.00.
7. 0,44 kr/kWh, til hitunar á bílgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til. Rjúfa má strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. 0,63 kr/kWh, til notkunar fyrir leirbrennsluofna. Rjúfa má strauminn á tímabilunum kl. 10.30—12.30 og kl. 17.00—20.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum afkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
- c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
- e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.
- g) Að raforkan sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum, sem breyta henni í hitaorku.

Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið D í gjaldskránni falla ekki olúkynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða loft-hitakerfum.

E. Stórnotkun.

1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksafnotkun minnst 200 kW. 0,22 kr/kWh og 1 958,00 kr/kW/a, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

	kr./mán.
1. Af einfasa mælum	11,40
2. Af þrífasa mælum til og með 80 A	32,10
3. Af þrífasa mælum yfir 80 A	47,10
4. Af mestumælum	118,00
5. Móttökuliði	25,20
6. Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.	

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

- 2.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar.
- 2.2 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.
- 2.3 Aðalheimtaug. Gjald fyrir aðalheimtaug og breytingu á heimtaug skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Heimtaugargjald kr.	Loflínuheimtaug breytt í jarð- strengsheimtaug kr.	Einfasaheim- taug 63 A aukin í 3×6 A kr.
	220 V kerfi		
63 A 1-fasa	7 340,00	2 220,00	
63 A 3-fasa	7 870,00	2 760,00	1 450,00
100 A 3-fasa	10 810,00	3 490,00	
200 A 3-fasa	18 790,00		
300 A 3-fasa	26 750,00		

	380 V kerfi		
63 A 1-fasa	7 340,00	2 220,00	
63 A 3-fasa	7 950,00	2 760,00	2 800,00
100 A 3-fasa	12 610,00	6 000,00	
200 A 3-fasa	25 220,00		
300 A 3-fasa	37 840,00		
400 A 3-fasa	50 390,00		
600 A 3-fasa	75 580,00		
900 A 3-fasa	113 370,00		
1 200 A 3-fasa	151 180,00		

- 2.4 Gjald fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan tilgreinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1 200 A heimtaug í 380 V kerfi.
- 2.5 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
- 2.6 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri

heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

- 2.7 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í $3 \times 380/220$ V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innan húss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

2.10 Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Lengdargjald Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	1 420,00	212,00	2 680,00
63 A 3-fasa	2 000,00	212,00	3 110,00
100 A 3-fasa	2 120,00	277,00	3 570,00

- 2.11 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu að úttingiskáp eða rofa í dreifistöð og fyrir hvern stólpa í loftlínuheimtaug.
- 2.12 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafveitunnar.
- 2.13 Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

2.20 Varðandi aðalheimtaug og bráðabirgðaheimtaugar.

- 2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 2.22 Óski húseigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafveitunnar.
- 2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald kr. 229,00. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greiða gjald kr. 496,00.

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

- 3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppun veitunnar kr. 192,00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
- 3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 192,00 og sett viðeigandi vör.
- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka tvöfalt gjald.
- 3.4 Ef launafli nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstudull 0,9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1979 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að $\frac{4}{5}$ af þeirri breytingu.
- 3.7 Sölugjald 23,5% og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveita ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema í töxtunum D1, D3, D5 og D7.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 119 24. febr. 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 308.

24. maí 1982.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald- skrárl. Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr/kWh	Fastar greiðslur í krónum	
		Daggreiðslur	Ársgreiðslur
A-LÝSING			
A.1. Með fastagjaldi	1,51	0,07	25,55/m ²
A.2. Án fastagjalds	4,00		
B-HEIMILISNOTKUN OG FL.			
B.1. Heimilisnotkun	1,14	0,26	94,90/herb.
B.2. Mannvirkjagerð Akraneshöfn	2,32		
C-VÉLANOTKUN			
C.1. Með fastagjaldi	1,51	0,87	317,55
C.2. Með rofi 1 1/2 klst. á dag	1,14		
C.3. Stórnotkun (Afltaxti)	0,37	3,64	1 329,00
D-HÚSHITUN			
D.1. Án rofs	0,69		
D.2. Með rofi 1 1/2 klst. á dag	0,37		
D.3. Með rofi 2 1/2 klst. á dag	0,34		
D.4. Með rofi 4 1/2 klst. á dag	0,27		
D.5. Með rofi 14 1/2 klst. á dag	0,20		
D.6. Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag	0,26		
E-ANNAÐ			
E.1. Sérsamningar			
E.2. Gatna- og hafnarlýsing			
E.3. Lokun og endurofnun veitu		195,00	